Þingskjal nr. 15

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir æskulýðsnefnd

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, skorar
á stjórn LH að styðja betur við æskulýðsstarf um landið allt með því að tengja æskulýðsnefndir saman með stuttum fjarfundum og staðfundum.

Nefndarálit:

Nefndin fagnar þessari tillögu og samþykkir hana með viðbótar tillögu.

Breytingartillaga á greininni : Skorað er á hestamannafélögin að halda dag íslenska hestsins hátíðlegan og gera heildstæða kynningarviku tengda íslenska hestinum með fjölbreyttum viðburðum sem tengjast æskulýðs og nýliðunarmálum.

Umræður:
Æskulýðsnefnd LH er hvött til að halda markvissa stað- sem og fjarfundi, þar sem fulltrúar æskulýðsnefnda hittast, skiptast á skoðunum og ræða sínar áskoranir, ásamt því að nefndir eru hvattar til að virkja samstarf sín á milli. Hugmynd kom einnig að því að æskulýðsnefn myndi setja upp ólíka fundarröð með ólíku fundarefni, þar sem félögin geta valið fundi við sitt hæfi og í boði væri að sitja alla fundina. Hugmyndir af fundum væru t.d. nýliðunarmál, félagshesthús, hestafimleika, keppnismál, óhefðbundnar keppnisgreinar og kynningu á starfi handhafa Æskulýðsbikars LH hverju sinni.

Handbók – Æskulýðsnefnd er hvött til að endurvekja handbók fyrir æskulýðsstarf, með hugmynda og verkefnabanka þar sem finna má mismunandi hugmyndir að námskeiðum og fjölbreyttu starfi.

Nefndin hvatti til umræðu um vandamál félaganna á landsbyggðinni sem vantar mannauðinn til að kenna, því ferðakostnaður, gisting og uppihald reiðkennara á kennsluhelgum er hár.

Eins var hvatt til þess að stjórn LH aðstoði félögin við að setja viðmið, form og samanburð til að fara með til sveitarfélaga vegna styrktarveitinga er tengjast æskulýðsmálum, máli hestamannafélaga til stuðnings.

Hestamannafélögin voru hvött til að skilgreini sig sem íþróttafélög og að hestamennskan sé stunduð heildstætt – Mikilvægt að það sé þjálfari og ábyrgur aðili á staðnum, með því eru sett viðmið að því starfi sem við viljum standa fyrir.

Umræða um sjálfboðaliða og hvað hægt er að gera til að halda fólki í nefndum, því vinnan lendi oft á einum aðila sem sér um starfið að miklu leyti, rætt um hvatakerfi fyrir yngri kynslóðina sem geri þátttöku í sjálfboðaliðastarfi eftirsóttaverðara.

Nýtt þingskjal.

Áskoranir fundar æskulýðsnefndar Landsþing.

a. Landsþing LH skorar á stjórn LH að stofna nefnd til að útfæra Þrepaskipt æfingakerfi í hestamennsku

Þrepaskipt æfingakerfi er hugsað sem leið til að gera börnum og unglingum kleift að stunda hestamennsku á ársgrundvelli, líkt og aðrar íþróttir. Markmiðið er að skapa samfellu í þjálfun, skýra umgjörð og raunhæf tækifæri fyrir unga knapa til að setja sér markmið, taka framförum og keppa á sínum forsendum og algjörlega óháð hestakosti.

Æfingakerfið skiptist í 6–8 þrep sem knapar vinna sig í gegnum á nokkrum árum. Á hverju þrepi eru skilgreind færniviðmið, lágmarkskröfur um æfingaástundun og fjölbreyttir keppnisflokkar. Eftir því sem knapinn færist ofar í kerfinu aukast kröfurnar í takt við færni hans og þjálfun.

Þrepamót eru mikilvægur hluti kerfisins. Þar keppa knapar á sama færniþrepi og velja ákveðinn fjölda keppnisflokka út frá eigin getu og styrkleikum hestsins. Með því að ná skilgreindum færniviðmiðum á tilskildum fjölda móta vinna þeir sig upp á næsta þrep.

Greinargerð:

Í þessu æfingakerfi er ekki verið að bera knapa eða hesta saman, heldur fær hver og einn tækifæri til að vinna að sínum markmiðum á eigin forsendum.
Það skiptir ekki máli hvort hesturinn er fjórgangshestur eða fimmgangshestur, byrjendahestur eða lengra kominn. Allir geta tekið þátt og unnið sig upp í gegnum þrepin.
Æfingakerfið skiptist í nokkur þrep sem innihalda mismunandi mörg verkefni/próf og þarf knapinn að ljúka ákveðnum fjölda prófa á hverju þrepi áður en hann getur færst upp á það næsta. Áherslan er á framfarir, fjölbreytni, gleði og gott samstarf hests og knapa.
Hægt er að útfæra þrepakerfi með reiðskólum og sumarnámskeiðunum, ásamt því að hægt er að búa til keppnisform eftir þessu fyrirkomulagi.
Eftir því sem knapinn færist ofar í kerfinu verða verkefnin fjölbreyttari og kröfurnar aukast í takt við aukna færni hests og knapa.

Markmiðið er að hvetja knapa til að:

- Setja sér raunhæf og skýr markmið.
- Efla eigin reiðfærni og þjálfun hestsins.
- Byggja upp traust og gott samstarf við hestinn.
- Prófa sig áfram í fjölbreyttum verkefnum.
- Fá viðurkenningu fyrir ástundun og framfarir.
- Njóta þess að læra og þróast með hestinum sínum.

b. Landsþing LH skorar á stjórn LH að passa upp á að dagsetningar Íslandsmóta barna og unglinga, að þær séu ekki á sama tíma og FEIF viðburðir.

Önnur mál:

Landsþing LH skorar á stjórn LH að fjölga sætum inn í Hæfileikamótun LH og endurvekja það að skipta upp hópunum, hafa hópana fjórðungaskipta, frekar en stærri hóp á einum stað – Hafa hæfileikamótun landsbyggðarinnar. – Allir eiga að hafa sama tækifæri en með þessu móti er verið að koma til móts við fleiri.

Umhugsunarefni að það séu 80 skráningar en 48 teknir inn - hvað verður um hina og hvað tekur utan um þau sem ekki komast inn og er eitthvað annað í boði –Væri hægt að hafa undanfara fyrir hæfileikamótun eða taka inn b- lið? Skorum á að þetta sé tekið til skoðunar.

Rætt var um tillögu um keppnisgreinina Hestafimleika.
Nefndin mælir með að þessi tillaga verði samþykkt – hún opni mikið á fjölbreytileika í hestamennskunni og opni á nýliðun. Þetta sé styrkur fyrir hestamennskuna og opni á fleiri möguleika.